



# Göngugrindur

## Tango

### Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8  
220 Hafnarfjörður  
Sími 565 2885 / Fax 565 1423  
[stod@stod.is](mailto:stod@stod.is) / [www.stod.is](http://www.stod.is)

## TANGO GÖNGUGRIND

TANGO er samanleggjanleg fjögurra hjóla göngugrind með snúningshjólum að framan, til notkunar inni sem úti. TANGO er prófuð og samþykkt fyrir 125 kg þungan notanda.




## GÖNGUGRINDIN FELLD SAMAN/SUNDUR

**Grindin felld saman:** Setjið í bremsu. Fellið grindina saman með því að toga rauða handfangið upp. Forðist að styðja ykkur við grindina þegar hún er lögð saman.

**Grindin felld sundur:** Ýtið sætisrammanumniður.

*ATH!* Sætið verður að vera alveg fallið út þegar grindin er notuð. Það heyrir smellur þegar sætið fellur alveg út.




## HÆÐARSTILLING Á HANDFANGI

Unnt er að stilla handföngin í 76 cm til 98 cm hæð. Eðlileg hæð miðast við að efri brún á handfanginu sé í sömu hæð og úlnilðurinn (sjá mynd).


Losið skrúfuna (1). Snúið handfanginu inn á við (2). Stillið hæðina (3) í óskaða hæð og herðið aftur skrúfuna.

Ef göngugrindinn virkar óstöðug, athugið hvort allar skrúfur séu vel hertar.




## NOTKUN Á BREMSUM

Bremsurnar virka á tvo vegu. Með því að toga bremsuhandfangið upp að handfanginu bremsar það hjólið meðan haldið er. Ef bremsuhandfanginu er ýtt niður læsist bremsan. Til þess að losa bremsuna þarf að toga bremsuhandfangið upp.



## STILLING Á BREMSUM

Til að stilla bremsurnar, losið skrúfuna og færið stilliplötuna. Fjarlægðin á milli stilliplötunnar og deksins ætti að vera um 7 mm. Grindinn kemur með bremsurnar stilltar.



## ÁBENDINGAR

Þegar grindinn er í notkun skal hún vera alveg felld sundur.

- Þegar þungi er í körfunni þarf að sýna sérstaka varúð því eiginleikar grindarinnar geta breyst. Þetta á einkum við þegar farið er yfir þröskulda eða gangstéttarkanta.
- Mesta leyfilega þyngd í körfu er 10 kg.
- Kyrrstöðubremsan (bremsuhandfang niðri og læst) skal ávallt vera á þegar setið er á sætinu.
- Ekki má nota göngugrindina til að flytja börn eða fullorðna.
- Þegar göngugrindinn er flutt upp eða niður stiga skal hún vera lögð saman.
- Sýnið sérstaka varkárni þegar setið er á göngugrindinni og henni ýtt afturábak eða áfram með því að nota fæturna. Forðist teppabrunir og þröskulda þegar setið er á grindinni.
- Sýnið sérstaka varkárni þegar undirlagið er hallandi eða óslétt.
- Þegar farið er yfir gangstéttarbrúnir, stígið neðst á rammann (þar sem afturhjólið festist í) eða takið í rammann að framan.

ATH. Takið ekki í sætið til að lyfta grindinni.

## AUKAHLUTIR FYRIR TANGO GÖNGUGRIND

### Bakki

Hækjuhaldari: Ítveimur hlutum, fánlegir fyrir hægri eða vinstri hlið.

### Karfa

### Festing fyrir súrefniskút

**Bakstuðningur** Ef handföngin á göngugrindinni eru stillt í 76 eða 79 cm hæð, verður heildarbreidd á göngugrindinni 28cm þegar hún er lögð saman.


## ENDINGARTÍMI

Göngugrindin hefur verið prófuð í samræmi við EN ISO/DIS 11199-2. Ending göngugrindarinnar miðað við eðlilega notkun er 5 ár samkvæmt ofnagreiðum staðli.


## MEÐHÖNDLUN/VIÐHALD

- Notið bílaþvottalög eða uppþvottalög til að prófa grindina.
- Hámarkshiti er 80 °, ekki nota þvottaefni með leysiefnum.
- Hafið samband við afhendingaraðila ef göngugrindin virkar ekki sem skyldi. Aldrei skal nota bílaða göngugrind.
- Ekki reyna að gera við sjálf.
- Til viðhalds og viðgerða skal nota varahluti frá ETAC. ETAC tekur ekki ábyrgð efaðrir varahlutir en þeirra eru notaðir.


**MAX 10 kg**



Karfa



Bakki



Bakstuðningur